

Undirbúningsstjórn um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Annar fundur haldinn í Zoom, miðvikudaginn 13. október og hófst kl. 12.30

Mætt voru:

- Alma Dröfn Benediktsdóttir,
- Arnór Benónýsson,
- Árni Pétur Hilmarsson,
- Helgi Héðinsson,
- Jóna Björg Hlökkversdóttir,
- Sigurður Böðvarsson,
- Dagbjört Jónsdóttir og Sveinn Margeirsson sveitarstjórar,
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Staða aðgerða frá síðasta fundi

Mannauðsmál

Dagbjört sagði frá vinnu við mannauðsmál. Samið hefur verið við Sigríði Indriðadóttur sem hafið hefur störf og átt fundi með starfsfólki.

Sveitarstjórar hafa fengið góð viðbrögð við vinnunni og viðtöl ganga vel. Í dag, 13. október, verður sameiginlegur starfsmannafundur starfsmanna í Þingeyjarsveit. Að þeim fundi loknum fá sveitarstjórar skýrslu með helstu niðurstöðum og leiðbeiningum um næstu skref.

Auglýst hefur verið eftir lögfræðingi sem starfi með Undirbúningsstjórn og sveitarfélögunum að undirbúningi sameiningarinnar. Umsóknarfrestur er liðinn og úrvinnsla umsókna er hafin.

Tilraunaverkefni í fræðslumálum

Arnór sagði frá undirbúningi tilraunaverkefnis og ferð oddvita suður til funda við ráðuneyti og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem farið var fram á stuðning við verkefnið. Óbeint samráð við skólastjórnendur er hafið en næstu skref er að opna verkefnið út í skólasamfélagið, funda með skólastjórnendum og fá þeirra sýn á málið.

Verkefnisheiti: *Menntasókn í norðri*

2. Fjárhagsáætlanagerð

Vinnuálag og tímaáætlun

Helgi fór yfir tímaáætlun hjá Skútustaðahreppi og Dagbjört fór yfir tímaáætlun Þingeyjarsveitar við áætlanagerð sveitarfélaganna. Helsta áskorunin er að samtvinna vinnuáætlanir og annað svo vinnan gangi vel. Ræða þarf lykilmálefningar og undirbúa það fyrir næsta fund nefndarinnar. Sveinn nefndi að gott væri að marka strategíska punkta og verkefni sem þau vilja fjárfesta í og klára að fjárfesta fyrir áramót ef það er hægt. RR benti á að mikilvægt er að hafa í huga að auðvelt verði að renna áætlunum saman. Reksturinn er eitt og mikilvægt að fara saman yfir fjárfestingar og verkefni svo þau lifi inn í nýtt kjörtímabil.

3. Stjórnskipulag

Umræðu um uppbyggingu stjórnskipulags haldið áfram frá síðasta fundi. Róbert og Freyja kynntu drög að samþykktum um stjórn og fundarsköp nýs sveitarfélags. Stefnt er að því að klára samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins í árslok og senda inn til ráðuneytisins til staðfestingar.

4. Tilnefning í starfshópa

Farið var yfir tilnefningar sveitarfélaga í starfshópa. Róberti var falið að boða starfshópa til fyrstu funda, fara yfir verkefni þeirra og tímalínu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

Næsti fundur verður boðaður 10. nóvember kl. 13:00 í Skjólbrekku.